

Mættir: Ágúst F. Jakobsson skólastj, Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Rósa Lilja Thorarensen fltr. kennara, Anna María Daníelsdóttir fltr. starfsf., Karólína Stefánsdóttir fltr foreldra. Edda Gíslrún Kjartansdóttir aðstoðarskólastj. sem ritari.

Dagskrá:

Niðurstöður samræmdra prófa

Niðurstöður samræmdu prófanna í 4. og 7. bekk ræddar almennt en hugað verður að því að halda sér fund fyrir fulltrúa foreldra því starfsmennirnir hafa þegar fengið kynningu. Hvað niðurstöðurnar varðar þarf að rýna aðeins í niðurstöður 4. bekkjar, sérstaklega í stærðfræði.

Niðurstöður læsisprófa

Ræddar stuttlega. Haldinn verður sér fundur með fulltrúum foreldra. Niðurstöðurnar svipaðar og síðastliðin misseri.

Skólapúlsinn

Niðurstöðurnar voru mjög góðar núna í haust. Verða kynntar fulltrúum foreldra á sér fundi.

Skólanámskrá

Endurskoðun skólanámskrár er í gangi en ekki komin á það stig að fyrir liggi tilbúin drög til skoðunar og rýni skólaráðs. Vinnan felur í sér m.a. í sér að skoða tengsl skólanámskrár og matsáætlunar skólans.

Erindi frá Grunnstoð

Lagt fram erindi frá Grunnstoð (samtaka foreldra í Garðabæ). Verið er að setja saman bænaskjal til bæjarstjórnar fyrir upphaf næsta árs og óskað eftir innleggi frá Flataskóla í það plagg. Ýmislegt rætt undir þessum lið m.a. hálkúvarnir, þörf á bættri lýsingu á bílastæði skólans, samskipti milli nemenda o.fl. Gengið út frá að þeir punktar fari inn í skjalið frá okkur en skólastjórnendur munu skoða málið nánar og vera í sambandi við fulltrúa með endanlegar útfærslur.